

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1. júní 2022

Efni: Frumvarp til laga um starfskjaralög, 589. mál.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar frumvarp til starfskjaralaga sem er ætlað að verða ný heildarlög um starfskjör launafólks og eiga að koma í stað laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980. Er tilgangur laganna að koma til framkvæmda aðgerðum stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamninga á almennum vinnumarkaði frá vori 2019 og lúta að vinnumarkaði. Er jafnframt tilgangur frumvarpsins að skýra leikreglur á vinnumarkaði í því skyni að sporna gegn félagslegum undirboðum og brotastarfsemi. Vill BHM af þessu tilefni koma eftirfarandi á framfæri:

1. Í 5. gr. frumvarpsins segir að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skulu vera lágmarkskjör óháð öðrum þáttum. Kemur þar einnig fram að atvinnurekanda sé óheimilt að greiða einstaka launamanni lakari laun eða semja við einstaka launamann um lakari kjör en almennir kjarasamningar kveða á um og skulu slíkir samningar ógildir. Er um að ræða uppfærða grein frá gildandi lögum 55/1980. Í 9. gr. frumvarpsins segir að Vinnumálastofnun sé heimilt að gefa atvinnurekanda fyrirmæli um að hann skuli greiða launamanni laun sem eru ekki lakari en almennir kjarasamningar kveða á um. Síðar í greininni kemur fram að komist Vinnumálastofnun að þeirri niðurstöðu að atvinnurekandi sé að greiða lakari laun en

kjarasamningur kveður á um skuli stofnunin gefa atvinnurekanda fyrirmæli um að greiða laun í samræmi við kjarasamning frá og með næstu útborgun launa.

Að mati BHM væri eðlilegra að Vinnumálastofnun séu færð öflugri verkfæri og skyldur hvað þetta varðar. Sé það vitneskja stofnunarinnar að atvinnurekandi sé að brjóta gegn 5. gr. frumvarpsins ætti Vinnumálastofnun að vera skylt að gefa atvinnurekanda fyrirmæli um að láta af því. Eðlilegast væri að stofnunin gæfi atvinnurekanda ekki bara tilmæli um að láta af slíku lögbroti frá og með næstu útborgun launa heldur að stofnunin gæfi einnig fyrirmæli um að laun yrðu leiðrétt afturvirkkt, hafi viðkomandi launþega ekki tekist á eigin spýtur eða með aðstoð stéttarfélags tekist að fá launagreiðslur leiðréttar. Leggur BHM því til að við þessu verði brugðist í frumvarpinu.

2. Það er jákvætt að mati BHM að Vinnumálastofnun séu veittar heimildir til beitingar viðurlaga skv. V. kafla frumvarpsins. BHM telur afar ólíklegt að ákvæði 14. gr. um féviti nýtist eins og því er ætlað, til að sporna gegn brotum á 5. gr. frumvarpsins. Í fyrstu málsgrein ákvæðisins er sett það skilyrði að atvinnurekandi hafi af ásetningi greitt launþega lakari laun en samkvæmt kjarasamningi. Augljóslega getur reynst afar erfitt að sýna fram á ásetning atvinnurekanda gegn hans neitun. Vel má ímynda sér að atvinnurekandi sé gjarnan í góðri stöðu til að sýna fram á að ekki hafi um ásetning verið að ræða heldur hafi um misskilning eða mistök verið að ræða.
3. Í 3. mgr. 14. gr. kemur fram að niðurstaða samráðsnefndar skuli liggja fyrir innan 30 daga frá því leitað er til nefndarinnar. Það er í senn jákvætt og mikilvægt að samráðsnefnd hafi hraðar hendur við úrlausn sína. Svo það sé raunhæft að samráðsnefnd sé fært að komast að niðurstöðu á 30 dögum þarf nefndin í mörgum tilvikum að kalla eftir og fá afhent gögn frá atvinnurekanda. Reynslan sýnir að það er

ekki sjálfgefið að hratt gangi að afla gagna frá atvinnurekanda sem er ósammála fyrirbyggjandi ásökunum launamanns og/eða stéttarfélags. Má því velta fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að Vinnumálastofnun, sem eftirlitsaðili, hafi heimild til beitingu dagsekta í þeim tilvikum sem atvinnurekandi verður ekki við beiðni um að leggja fram nauðsynleg gögn innan hóflegs frest.

4. BHM gerir athugasemd við að í ákvæði 17. gr. um samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði sé gert ráð fyrir að BHM og BSRB eigi sameiginlegan fulltrúa í nefndinni. Um mikilvægan vettvang er að ræða og slíkan að BHM telur eðlilegt og rétt að bæði BHM og BSRB eigi fulltrúa í samstarfsnefndinni.

BHM telur að ákvæði 14. gr. frumvarpsins um féviti sé ekki nægjanlega vel útfært og reynist að óbreyttu gagnslaust með öllu. Auk þeirra athugasemda um ákvæðið sem hér birtast tekur BHM undir áhyggjur ASÍ og BSRB í umsögnum þeirra. Þá gerir BHM athugasemd við heimildir og skyldur Vinnumálastofnunar og telur að þar hafi ekki verið gengið nægjanlega langt samanber það sem að framan greinir. Að síðustu áréttar BHM það mat sitt að eðlilegt sé að BHM og BSRB fái hvort sinn fulltrúann í samstarfsnefnd um aðgerðir gegn brotastarfsemi á vinnumarkaði.

Virðingarfyllst,



Friðrik Jónsson,
formaður BHM



Andri Valur Ívarsson,
lögmaður BHM